

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 199/2021

frá 9. júlí 2021

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/571 frá 20. janúar 2021 um breytingu á viðaukanum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar skrá yfir efni sem heimilt er að bæta við ungbarnablöndur og stoðblöndur, barnamat og unnin matvæli með korn sem uppistöðu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/572 frá 20. janúar 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/127 að því er varðar dagsetningu þegar tiltekin ákvæði hennar koma til framkvæmda ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/705 frá 28. apríl 2021 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 333/2007 að því er varðar tilskilinn fjölda hlutasýna og nothæfisviðmiðanir fyrir nokkrar greiningaraðferðir ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í innangangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 120, 8.4.2021, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 120, 8.4.2021, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 146, 29.4.2021, bls. 73.

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzp (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007):

„– **32021 R 0705**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/705 frá 28. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 146, 29.4.2021, bls. 73).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 77. lið (reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013):

„– **32021 R 0571**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/571 frá 20. janúar 2021 (Stjtið. ESB L 120, 8.4.2021, bls. 1).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 77b (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/127):

„– **32021 R 0572**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/572 frá 20. janúar 2021 (Stjtið. ESB L 120, 8.4.2021, bls. 4).“

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2021/571, (ESB) 2021/572 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/705, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. júlí 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.